

Bílaábyrgð

Almennir skilmálar

Skilmáli nr. B-6

Almennt

Þessi váttrygging er samansett úr 2 skilmálum. Þessum almenna skilmála og öðrum sérskilmálum sem þú velur. Sérskilmálarnir telja upp þá íhluti í hinum váttryggða bíl sem bótaskyldir eru vegna bilunar eða brots sem stafa af galla í efni eða samsetningu. Þessir sérskilmálar eru:

- Grunnábyrgð:** Einfaldari ábyrgð sem tekur til mikilvægra íhuta í vél og drifbúnaði bílsins.
 - Víðtæk ábyrgð:** Tekur til fjölmargra íhluta í flestum kerfum bílsins.
- Váttryggingin í heild sinni samanstendur því af þessum almenna skilmála, sérskilmála sem valin er og váttryggingarskírteini. Mikilvægt er að kynna sér þessi gögn vel í heild sinni.

Váttryggingarsvið

1. gr. Bótaskylda félagsins

- 1.1 Félagið greiðir kostnað við viðgerð váttryggðs bíls, allt að váttryggingarfjárhæðinni, þegar einhver váttryggður íhlutur bílar eða skemmist vegna galla í efni eða samsetningu. Bilunin verður að eiga sér stað á váttryggingartímanum á meðan bíllinn er á Íslandi. Félagið greiðir ekki fyrir viðgerð á íhlutum eða ef skipt er um íhluti sem ekki hafa bilað, til dæmis íhluti sem eru settir í þegar bíllinn þinn er þjónustaður eða til að bíllinn þinn standist bifreiðaskoðun. Félagið greiðir ekki heldur fyrir íhluti sem voru í ólagi áður en váttrygging þessi tók gildi. Einungis er greitt einu sinni fyrir sama íhlut.
- 1.2 Félagið greiðir kostnað við að draga bíllinn þinn á næsta verkstæði þegar váttryggður íhlutur bílar. Hámark þessa kostnaðar sem félagið greiðir er tiltekinn á váttryggingarskírteini.
- 1.3 Ef þú leggur fram gilda tjónskrófu greiðir félagið, upp í kostnað við að leigja bíl í staðinn fyrir þinn, í allt að sjö daga. Félagið greiðir aðeins fyrir afnot af bílaleigubíl meðan viðgerð fer fram ef verið er að gera við þinn bíl samkvæmt skilmálum þessarar váttryggingar og eingöngu ef viðgerðin tekur lengri tíma en átta klukkustundir. Áður en pantaður er bílaleigubíll verður þú að fá heimild frá tjónadeild félagsins. Eingöngu er greitt fyrir minnsta bílaleigubíl og akstur að hámarki 100 km. á dag. Hámark þess kostnaðar sem félagið greiðir er tiltekinn á váttryggingarskírteini.

Undanþágur Félagið greiðir ekki fyrir:

- bílaleigubíl fyrsta sólarhringinn sem bíllinn þinn er ónothæfur, eða
- eldsneyti og váttryggingu.

2. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

- Félagið greiðir ekki fyrir viðgerð á íhlut eða ef skipt er um íhlut sem er undanþeginn og ekki fyrir neina íhluti sem ekki eru í íhlutaskránni. Félagið greiðir ekki fyrir kostnað sem verður til vegna, stafar af eða tengist eftirfarandi:
- 2.1 Skaða eða skemmd á bílnum þínum eða einhverjum íhluta hans sem verður vegna þess að röng tegund eldsneytis var notuð.
 - 2.2 Skemmdum er verða vegna notkunar bílsins í hvers konar rallí eða kappakstri.
 - 2.3 Skaða eða skemmda vegna umferðarslyss, skemmdum af völdum árekstrar eða áaksturs, flóða, utanaðkomandi vatnsleka, þjófnaði eða tilraun til þjófnaðar, hvers kyns utanaðkomandi óhappa, bíllinn er ekki notaður rétt, eða notkun sem telst óvísitandi vanræksla eða lögbrot.
 - 2.4 Skaða sem hlýst af því að bíllinn er ekki þjónustaður samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar, eða bílnum er ekki viðhaldið samkvæmt þjónustuhandbók bílsins.
 - 2.5 Skaða í bíl þar sem átt hefur verið við kílómetramælinn, honum breytt eða hann aftengdur.
 - 2.6 Skaða á bílum sem notaðir eru í eða við kappakstur, til leigu, í skammtímaleigu án bílstjóra, sem leigubílar eða við útkeyrslu á vörum eða þjónustu.
 - 2.7 Viðgerð eða skipti á íhlutum sem ekki hafa bilað, eða skipti á íhlutum til að bíllinn þinn standist opinbera bifreiðaskoðun.
 - 2.8 Kostnaði af verki sem ekki tengist gildri tjónskrófu.
 - 2.9 Viðgerð eða skiptum á íhlutum, skaða eða skemmdum eða ábyrgð, sem önnur ábyrgð eða váttrygging tekur til, eða sérhver afleiddur skaði, galli í hönnun eða gallar þar sem framleiðandinn hefur innkallað íhluti.
 - 2.10 Olíuleikum, öðrum en þeim olíuleikum sem eru sérstaklega váttryggðir.
 - 2.11 Skemmd eða hreinsun á váttryggðum íhlutum vegna frosts, vökva, vökva sem frýs, tæringar eða fastra og stirðra íhluta.
 - 2.12 Endurtekinni viðgerð sem nauðsynleg er vegna lélegra vinnubragða eða bilaðra íhluta.
 - 2.13 Viðgerð eða skiptum á íhlutum sem félagið telur hafa verið bilaða eða að hæfur bifvélavirki álitur að hefðu verið bilaðir áður en þessi váttrygging tók gildi.
 - 2.14 Reglubundnum umskiptum, stillingum og þjónustuþáttum, þar með talið kveikjulok, kveikjuhamar, þéttir, platínur, háspennuleiðslur, kerti, þurrkublöð, síuhlutar, perur, reimar, frostlögur, vökvar, smurning, eldsneyti eða olíur, hemlaskór, -skálar, -diskar og -klossar, dempara og aðra slíthluti sem eðlilegt getur talist að skipta um vegna notkunar.
 - 2.15 Brunnnum eða útslitnum kúplingsíhlutum, og uppsöfnuðu sóti (þar með talið brenndir eða sótaðir ventlar og hreinsun sóts).
 - 2.16 Bilun, skemmd eða afleiddum skaða vegna villu, veiru, yfirsjónar eða galla í öllum hugbúnaði eða kerfishugbúnaði.
 - 2.17 Aðlögunum, viðgerðum, breytingum eða umskiptingum sem eru nauðsynlegar vegna þess að stýrikerfi bílsins nemur ekki dagsetningarbreytingu.

- 2.18 Ábyrgð vegna andláts, líkamsmeiðsla eða skemmda á öðrum eignum eða á öðrum íhlutum váttryggða bílsins, eða nokkurs skaða sem verður beint eða óbeint vegna bilunar.
- 2.19 Skaða, eyðileggingu, eða skemmd á hvaða eign sem er (eða sérhverjum skaða, kostnaði eða lagalegri ábyrgð sem slíkt leiðir af sér) sem jónandi geislun eða geislavirk mengun frá hvers konar kjarnorkueldsneyti eða kjarnorkuúrgangur af brennslu hvers konar kjarnorkueldsneytis hefur valdið eða stuðlað að.
- 2.20 Sérhverjum samsettum kjarnorkusprengebúnaði eða kjarnorkuíhluta.

Nánari skilyrði váttryggingar

3. gr. Skilyrði váttryggingaverndar

Váttrygging þessi gildir aðeins ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- 3.1 Þjónusta
Þjónusta þarf bíl, sem tekinn er í váttryggingu, samkvæmt þjónustuhandbók framleiðandans og láta viðurkennt verkstæði fara yfir hann innan 30 daga eða 1600 km (hvort sem fyrr verður). Þessu til sönnunar skaltu ganga úr skugga um að verkstæðið fylli út og stimpli handbókina og ábyrgð framleiðandans. Geyma þarf kvittanir fyrir þjónustu við bílinn þar sem leggja þarf fram sannanir um þjónustu þegar tjónskrafa er gerð.
 - 3.2 Heimild til viðgerðar
Váttryggður verður að fá heimild til viðgerðar frá félaginu áður en nokkur viðgerð á bótaskyldu tjóni hefst.
 - 3.3 Skoðunarkostnaður
Váttryggður ber ábyrgð á að gefa viðgerðaraðila heimild til að hefja alla leit, skoðun eða sundurtekt og að borga fyrir það ef sú vinna leiðir í ljós að félagið er ekki ábyrgt fyrir biluninni. Félagið greiðir aðeins fyrir leit, skoðun eða sundurtekt ef það er hluti af gildri tjónskrófu.
 - 3.4 Bifvélavirkjar
Félagið hefur rétt til að fá óháðan aðila til að skoða og meta ástand bílsins áður en það samþykkir nokkra tjónskrófu. Ef félagið gerir það ber félagið ekki ábyrgð á neinum skaða sem kann að verða vegna mögulegra tafa.
 - 3.5 Bætt ástand bílsins þíns
Ef lögð er fram gild tjónskrafa er það ekki markmið félagsins að bæta fjárhagslega stöðu þína umfram það sem hún var fyrir kröfuna. Því getur farið svo við ákveðnar aðstæður, þegar skipt er um íhluti fyrir slitna íhluti sem hafa gefið sig, og af því leiðir að bíllinn þinn verður í betra ástandi en hann var fyrir bilunina, þá verður þú að greiða hluta af kostnaðinum af viðgerðunum. Fyrir bíla sem búið er að keyra meira en 80.000 km., sýnir eftirfarandi tafla það hlutfall sem félagið greiðir miðað við hvað búið er að aka bílnum þegar bilunin verður. Þetta á ekki við um vinnulaun.
- | Ekknir kílómetrar | Vinnulaun | Varahlutir |
|-------------------|-----------|------------|
| Allt að 80.000 | 100% | 100% |
| Allt að 90.000 | 100% | 90% |
| Allt að 100.000 | 100% | 80% |
| Allt að 120.000 | 100% | 70% |
- 3.6 Breytingar bíls
Váttrygging þessi tekur til bíla eins og hann er útbúin frá framleiðanda. Sé bíl breytt þannig að álag á einstaka hluti hans svo sem vél, skiptingu eða hjólastell aukist ber félagið ekki ábyrgð skaða sem verður á hinum breyttu hlutum eða íhlutum tengdum þeim með orsakasambandi.

4. gr. Iðgjald endurgreitt

Iðgjald váttryggingarinnar er ekki endurgreitt en þó er sú undantekning að ef bíllinn er afskrifaður vegna slyss eða af því honum er stolið og hann ekki endurheimtur innan þriggja mánaða, svo fremi að félagið hafi ekki samþykkt kröfu samkvæmt váttryggingunni, mun félagið endurgreiða váttrygginguna hlutfallslega.

5. gr. Váttrygging flutt

Ef þú selur bílinn flyst váttryggingarverndin yfir á nýja eigandann.

6. gr. Skylda til að veita félaginu upplýsingar

Þér ber að tilkynna til félagsins allt sem hugsanlega getur haft áhrif á ákvörðun félagsins varðandi samþykki tryggingabeiðni þinnar. Ef þú veitir félaginu ekki réttar upplýsingar í beiðni þinni, gæti félagið litið svo á að beiðnin sé sviksamleg sbr. 19. gr. laga nr. 30/2004 og váttryggingin því ógild.

7. gr. Ábyrgðar og kaskótrygging

Það er skilyrði fyrir þessari váttryggingu að bíllinn sé jafnframt ábyrgðar- og kaskótryggður á váttryggingartímabilinu.

8. gr. Váttryggingarfjárhæð - sjálfsábyrgð

Váttryggingarfjárhæð er tiltekin í váttryggingarskírteini. Váttryggingarfjárhæð er samtala þeirra bóta sem félagið skuldbindur sig til að greiða samkvæmt váttryggingarskírteininu, hvort sem tjónskrafa er ein eða fleiri. Sjálfsábyrgð í hverju tjóni er tiltekin í váttryggingarskírteini.

9. gr. Upphaf og lok váttryggingar

- 9.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar félagið samþykkir beiðni þar að lútandi, skráning á km stöðu verið skráð af félaginu og stimplað í þjónustubók og iðgjald hefur verið greitt. Ef váttryggja á notaðan bíl þarf ástandsskýrsla frá Frumherja hf. eða viðurkenndu bifreiðaverkstæði sem félagið tilnefnir að fylgja váttryggingarbeiðninni. Jafnframt þarf að upplýsa um öll tjón sem bifreiðin hefur orðið fyrir og váttryggingartaka er kunnugt um.
- 9.2 Váttryggingu þessari lýkur þegar gildistíma hennar skv. váttryggingarskírteini rennur út eða þegar bílnum hefur verið ekið 120.000 km. hvort sem fyrr verður.
- 9.3 Váttryggingunni lýkur þegar liðin eru 5 ár frá forskráningar/nýskráningardegi bílsins, hvort sem fyrr er.

10. gr. Svik

Komist félagið að því að sett hafi verið fram sviksamleg krafa, eða ef þú eða einhver fyrir þína hönd, hefur veitt félaginu sviksamlegar upplýsingar til að fá bætur út á váttrygginguna, þá lýkur ábyrgðinni án endurgreiðslu iðgjalds.

11. gr. Heimili-varnarþing-ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfshætti má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

12. gr. Tilvísun til laga

Um váttryggingu þessa lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2010